



ÁRSSKÝRSLA 2019



EFNISYFIRLIT

Ávarp stjórnarformanns	3
Starfsemi og skipulag	4
Stjórnir og fólk	5
Lykiltölur úr rekstri	6
Helstu verkefni ársins	7
Í minningu Ágústs Þórs Árnasonar (1959-2019)	9
Rannsóknir og rannsóknarþjónusta	10
Samtal við samfélagið – Miðlun þekkingar	11
Ársreikningur ReykjavíkurAkademíunnar ses	12
Skýrsla Félags ReykjavíkurAkademíunnar	17
Ársreikningur Félags ReykjavíkurAkademíunnar	19
Fræðimenn og félög	20

Ársskýrsla ReykjavíkurAkademíunnar 2019

Ristjóri: Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir framkvæmdastjóri

Prófarkalestur: Ingunn Ásdísardóttir, Kristín Jónsdóttir, Björn S. Stefánsson og Þorleifur Hauksson

Ljósmyndir: Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir nema annað sé tekið fram.

Forsíðumyndin er af Salvöru Aradóttur. Hún er tekin á stefnumótunarfundi Akademíunnar í Skálholti..

Reykjavík, júní 2020

ÁVARP STJÓRNARFORMANNS



Árið 2019 er ReykjavíkurAkademían búin að vera hálfan áratug hér í Þórunnartúninu og unir sér þrýðilega og sér fram á næsta hálfu áratuginn hálfu öflugri en fyrr. Fjárhagsstaðan er góð og engin ástæða til að ætla annað en að hún verði það áfram ef fram heldur sem horfir, bæði að því er varðar stuðning opinberra yfirvalda og meðferð þeirra fjármuna hér innanhúss.

Að vanda eru þau mörg og margvísleg, verkefni sem akademónar vinna að hér innanhúss, beinar rannsóknir, rannsóknaskýrslugerð, bóka- og greinaskrif, útvarpsþættir, sýningar, þýðingar og fleira, og getur þar verið um að ræða bæði samvinnuverkefni tveggja eða fleiri fræðimanna eða einstaklingsverkefni.

Það sem mest er um vert er þó að ReykjavíkurAkademían er ekki bara leigumiðlun skrifstofuhúsnæðis heldur er hún lifandi og öflugt

samfélag fræðimanna sem bera hag vísinda og fræða fyrir brjósti og vinna að þeim af heilum hug bæði inn á við og út á við. Auk einstaklingsbundinna fræðistarfa og útgáfu eru málþing, fyrirlestrar og ýmiss konar viðburðir meðal einkennisverka ReykjavíkurAkademiunnar á hverju ári, og á þessu ári var einnig farið í sérstaka stefnumótunarvinnu um hlutverk, stöðu og framtíðarsýn ReykjavíkurAkademiunnar. Unnið er að gerð áætlunar til þriggja ára sem er ætlað að efla ReykjavíkurAkademiuna og renna enn styrkari stoðum undir starf hennar, bæði á innlendum og erlendum vettvangi. Nýtt lógó var hannað á árinu og tekið upp og gerð nýrrar heimasíðu hleypt af stökkunum og verður hún vonandi tilbúin og komin í loftið síðla árs 2020. Enn fremur var unnið að því að efla rannsókn- og stoðþjónustu við akademóna og stefnt er að því að styrkja þann þátt verulega.

Skömmu fyrir áramótin 2018/19 réðst til Akademiunnar nýr framkvæmdastjóri, Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir. Anna Þorbjörg er með meistaraþróf bæði í safna- og sagnfræði, en auk þess hefur hún óbilandi áhuga á rekstri, fjármálum og framkvæmdum og má segja að koma hennar til starfa hafi hleypt nýju og hressandi blóði í starfsemi Reykjavíkur-Akademiunnar.

ReykjavíkurAkademían lengi lifi!

Ingunn Ásdísardóttir

stjórnarformaður RA ses

STARFSEMI OG SKIPULAG

Opin umræða og skoðanaskipti eru grundvöllur þess að akademísk fræði þrífist og dafni og þar gegnir ReykjavíkurAkademían lykilhlutverki fyrir sjálfstætt starfandi fræðimenn.

ReykjavíkurAkademían byggir á grunni Félags ReykjavíkurAkademíunnar sem er félag á þriðja hundrað sjálfstætt starfandi fræðimanna í menningar-, hug- og félagsvísindum á Íslandi, stofnað árið 1997. Félagið tilnefnir fólk í stjórn ReykjavíkurAkademíunnar ses,

sjálfseignarstofnunar sem er allt í senn vinnustaður, vettvangur fræðilegra viðburða og umræðu og bakhjarl rannsókna sjálfstætt starfandi fræðimanna.

ReykjavíkurAkademían er til húsa í Þórunnartúni 2 (áður Skúlatún 2) og þar starfa fræðimenn í um 20 skrifstofum á tveimur hæðum. Í ReykjavíkurAkademíunni eru einnig félagsamtök, minni fyrirtæki og Bókasafn Dagsbrúnar, sérfræðisafn á sviði atvinnulífsrannsókna og verkalyðsmála í eigu Eflingar – stéttarfélags. .

HLUTVERK REYKJAVÍKURAKADEMÍUNNAR

ReykjavíkurAkademían er vettvangur rannsókna og nýsköpunar, miðlunar og menningar sem veitir sjálfstætt starfandi fræðimönnum starfsaðstöðu og rannsóknþjónustu.

ReykjavíkurAkademían er miðstöð opinna samfélagsumræðu, miðlunar og útgáfu um samfélag, vísindi og menningu. Hún tekur brýn mál á dagskrá og miðlar ferskum straumum inn í samfélagið.

ReykjavíkurAkademían er félagsleg miðja, vettvangur og starfsstöð sem leggur áherslu á að tengja, miðla, hvetja, styðja og skapa.



STJÓRNIR OG FÓLK

Stjórnir ReykjavíkurAkademíunnar voru kosnar á aðalfundi 20. júní 2019.

Stjórn ReykjavíkurAkademíunnar ses

Formaður er dr. Ingunn Ásdísardóttir, þjóðfræðingur. Varaformaður dr. Ásthildur Elva Bernharðsdóttir, sérfræðingur í áfallastjórnun, ritari Kristín Jónsdóttir, sagnfræðingur, gjaldkeri Gylfi Gunnlaugsson, bókmenntafræðingur og Kolbrún Lilja Kolbeinsdóttir, bókmenntafræðingur meðstjórnandi. Varamenn í stjórn eru þau Guðbjörg Lilja Hjartardóttir, stjórn málafræðingur og dr. Ingimar Einarsson, félags- og stjórn málafræðingur.

Stjórn Félags ReykjavíkurAkademíunnar (FRA)

Formaður dr. Ásthildur Elva Bernharðsdóttir, sérfræðingur í áfallastjórnun. Gjaldkeri er Arnþór Gunnarsson, sagnfræðingur. Ritari er Árni Finnsson, formaður NÍ. Meðstjórnendur eru þær Guðrún Hallgrímsdóttir, matvælafræðingur og Salvör Aradóttir, leikhúsfræðingur.

Framkvæmdastjóri

Á árinu 2019 var einn starfsmaður hjá Akademíunni, Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir framkvæmdastjóri Akademíunnar (frá 1. október 2018). Framkvæmdastjóri sér um daglegan rekstur stofnunarinnar, ræður starfsfólk og verkefnisstjóra, sér um samningagerð og mótar stefnu Akademíunnar í samvinnu við stjórn.



Akademónar

Á árinu 2019 störfuðu 49 fræðimenn, rithöfundar, þýðendur og fleira fjölbæft og listrænt fólk í Þórunnartúni 2.



Stjórn ReykjavíkurAkademíunnar ses 2019-2020. Á myndina vantar Kristínu Jónsdóttur.

LYKILTÖLUR ÚR REKSTRI

- ❖ Rekstur ReykjavíkurAkademíunnar gekk ágætlega á árinu 2019 og var reksturinn í jafnvægi. Rekstrarafgangur af reglulegri starfsemi var kr. 9.586.769.
- ❖ Breyting var gerð á færslu bókhaldsins m.v. fyrri ár. Stærsta breytingin er að rannsóknarverkefni sem Akademián hýsir fá sjálfstæða stöðu í bókhaldinu og mynda eftir atvikum eign eða skuld við Akademiuna. Þessi breyting gerir það að verkum að tekjur Akademíunnar af umsýslu verkefna eru ekki sambærilegar við tekjurnar árið 2019.
- ❖ Tekjur að frádregnum fjármagnstekjum skiptast þannig að rúm 40% eru sjálfsaflafé, að stærstum hluta leigutekjur en einnig tekjur vegna umsýslu rannsóknarverkefna. 39.5 % af tekjum ársins eru framlag ríkis sem hækkaði umtalsvert á árinu 2019. Styrkur frá Eflingu vegna Bókasafns Dagsbrúnar er 16.6% af heildartekjum og styrkur Reykjavíkurborgar 3.6 %.
- ❖ Þegar horft er til gjaldaliða þá er húsnæðiskostnaður 44,6 % af kostnaði og laun um 20.5%. Kostnaður vegna verkefna er 8.3% og rekstrarkostnaður vegna Bókasafns Dagsbrúnar tæplega 18.5% af heildarrekstarkostnaði á árinu.
- ❖ 49 fræðimenn höfðu starfsaðstöðu í Þórunnartúni um lengri eða skemmri tíma á árinu. Færri borð voru laus í lok árs en í byrjun og unnið er að því að fjölga og yngja upp í hópi akademóna.
- ❖ Ársreikningur ReykjavíkurAkademíunnar er birtur á bls. 10 í þessari skýrslu.



HELSTU VERKEFNI ÁRSINS

Stjórn ReykjavíkurAkademíunnar hittist á 11 reglulegum fundum auk þess sem haldnir voru tveir sameiginlegir fundir beggja stjórnna.

Endurskoðun á starfsemi, ný stefna

Ákveðið var að endurskoða starfsemi og hlutverk ReykjavíkurAkademíunnar og hófst sú vinna á árinu 2019. Báðar stjórnir ReykjavíkurAkademíunnar koma að þeirri vinnu sem er umfangsmikil og ætlað að hafa mikil áhrif á framtíðarhlutverk og skipan mála. Samhliða er unnið að því að festa í sessi tengsl stofnunarinnar og félagsins og hefur akademóninn Sjöfn Kristjánsdóttir lögfræðingur m.a. unnið að því að yfirfara samþykktir og lög ReykjavíkurAkademíunnar.

Haldinn var stefnumótunarfundur í Skálholti dagana 16.-17. nóvember og var Guðrún Ragnarsdóttir hjá Strategíu fengin til þess að stjórna fundinum. Vinnan við stefnumótun til þriggja ára var enn í fullum gangi í lok ársins og verður henni framhaldið á næsta ári.

Ný heimasíða

Verulegur tími hefur farið í gerð nýrrar heimasíðu. Markmið er m.a. að flytja sem mest af efninu af núverandi síðu Akademíunnar yfir á þá nýju og koma því þannig fyrir að starfsemi Akademíunnar síðast liðin 22 ár verði aðgengileg. Vinnu við gerð nýju heimasíðunnar verður fram haldið á næsta ári.



Nýtt merki ReykjavíkurAkademíunnar

Á árinu leit nýtt merki ReykjavíkurAkademíunnar dagsins ljós. Hönnuður þess er Dagný Reykjalin hjá Blek auglýsingastofu en í lógónefnd ReykjavíkurAkademíunnar sátu þau Hermann

Stefánsson, Hjörleifur Hjartarson, Mördur Árnason og Unnur Guðrún Óttarsdóttir ásamt framkvæmdastjóra.



Tæknimálin

Á árinu voru ýmis tæknimál yfirfarin og löguð. Öryggiskerfið var lagfært, einnig þráðlaust net og skipt var um ljósritunarvél. Þá var samið við Tölvuhliðina um að fyrirtækið tæki við umsjón tæknimála og að allir félagsmenn ReykjavíkurAkademíunnar njóti þar 20% afsláttar á vinnu á verkstæði.

Einnig var ákveðið að bæta aðstöðuna í Þórunnartúni þegar kemur að upptökum fyrirlestra og búnaði til fjarfundahalda. Áfram verður unnið að málinu á nýju ári.



Húsnæðið

Töluverð vinna hefur farið í að uppfæra og laga húsnæði Akademíunnar í Þórunnartúni. Meðal annars var útbúið lítið fundarherbergi á 2. hæð fyrir minni fundi. Þá fóru fram nokkrar endurbætur í húsfélaginu og stefnt er að áframhaldandi endurbótum á nýju ári. Einnig krafðist rekstrarfélag Þórunnartúns 2 verulegrar athygli á árinu.



Bókhaldið endurskoðað

Á árinu var farið í töluverða endurskoðun á því hvernig bókhald Akademiunnar er fært. Þessi vinna var unnin í samvinnu við Rakel Jóhannsdóttur bókara og Friðþjóf K. Eyjólfsson endurskoðanda. Endurskoðuninni var lokið haustið 2019 og tekin sú ákvörðun að bóka árið 2019 í samræmi við ný viðmið.

Rannsóknarþjónustan

ReykjavíkurAkademían var bakhjarl félagsmanna í á öðrum tug umsókna um styrki úr ólíkum sjóðum, innan lands og utan. Þá hefur verið unnið að því að að skýra og skilgreina betur en áður hvernig Akademían getur best stutt við sjálfstætt starfandi fræðimenn. Nefnd var sett á fót. Í henni sitja þau Ingunn Ásdísardóttir, Gylfi Gunnlaugsson og Kolbrún Lilja Kolbeinsdóttir. Unnin hafa verið drög að viðmiðunarreglum í samvinnu við Salvöru Aradóttur og Björgu Árnadóttur.

Þá hefur framkvæmdastjóri sótt námskeið og fræðslufundi, bæði á vegum Rannís og Rannsóknastjórafélagsins.



Vísindapólitík

Athugasemdir voru gerðar við nýja túlkun stjórnar Starfslaunasjóðs sjálfstætt starfandi fræðimanna, annars vegar um hvernig farið er með framhaldsstyrki, hins vegar um skilgreininguna fræðimaður. Sjóðurinn var stofnaður að frumkvæði ReykjavíkurAkademiunnar

og var sátt um þær reglur sem samþykktar voru um sjóðinn. Það er skoðun stjórnar að fyrir síðustu úthlutun úr honum hafi ný stjórn sjóðsins gert breytingar á viðmiðum við úthlutun úr honum sem RA er ekki sátt við. Ráðinn var lögfræðingur til að fara yfir málið og töluverðar bréfaskriftir hafa staðið yfir við ráðuneytið á árinu 2019.

Þá sat framkvæmdastjóri fund með fulltrúum Vísindafélags Íslendinga, FEDON og vinnuhópi Vísinda og tækniráðs vegna undirbúnings að gerð nýrrar stefnu ráðsins til næstu fjögurra ára.

Einnig hefur framkvæmdastjóri setið fundi með forseta Vísindafélagsins og formanni FEDON um stöðu fjármögnunar á rannsóknum. Áformað er að vinna skýrslu um stöðu fjárveitinga til grunnrannsókna og vekja athygli á mikilvægi þeirra fyrir samfélagið allt.

Fulltrúi í stjórn Starfslaunasjóðs sjálfstætt starfandi fræðimanna

Ný stjórn Starfssjóðs sjálfstætt starfandi fræðimanna tók til starfa 19. febrúar 2019 og situr til og með 18. febrúar 2022. ReykjavíkurAkademían tilnefndi dr. Sverri Jakobsson og dr. Steinunni Kristjánsdóttur sem fulltrúa í stjórn sjóðsins. Mennta- og menningarmálaráðuneytið skipaði Sverri aðalmann og Steinunni til vara. Við sama tækifæri létu af störfum f.h. ReykjavíkurAkademiunnar þau dr. Hildigunnur Ólafsdóttir og Þorleifur Hauksson og eru þeim þökkúð vel unnin störf.



Bakhjarl á vinnumarkaði?

Stjórn ReykjavíkurAkademiunnar hefur nokkuð fjallað um hvort og þá hvernig eigi að standa betur að því að gæta hagsmuna sjálfstætt starfandi fræðimanna á

vinnumarkaði. Ljóst er að staða þeirra á milli er ólík, tekjur sveiflukenndar og tengd verkefnum og styrkjum. Oft fara ekki saman raunverulegar aðstæður fræðimanna og þau skilyrði sem stéttarfélag (BHM) og ríkisskattstjóri setja. Þetta mál verður í áframhaldandi skoðun hjá stjórn og framkvæmdastjóra.

Handbók

Krístín Jónsdóttir ritstýrir gerð handbókar með upplýsingum um praktísk mál sem varða Akademiuna og upplýsingar um aðstöðuna í Þórunnartúni



AkureyrarAkademían

Í september heimsótti framkvæmdastjóri AkureyrarAkademíuna. Fróðlegt var að kynna starfsemi þar og vilji beggja að auka samstarf umfram það sem nú er. Minnt er á núgildandi samstarfssamning sem felur í sér að akademíunni geta fengið tímabundna vinnuástöðu hér eða þar.

Í MINNINGU ÁGÚSTS ÞÓRS ÁRNASONAR (1959-2019)



Í apríl andaðist Ágúst Þór Árnason, einn af stofnendum Reykjavíkur-Akademíunnar. Ingunn Ásdísardóttir stjórnarformaður ritaði minningarorð um hann sem birtust í Morgunblaðinu.

Kveðja frá ReykjavíkurAkademíunni

Segja má að ReykjavíkurAkademían eigi tilvist sína Ágústi Þórn Árnasyni að þakka því upphafleg hugmynd um stofnun samfélags sjálfstætt starfandi fræðimanna í félags- og hugvísindum kom frá honum og hann var einn af stofnendum hennar. Framan af var hann formaður undirbúningsstjórnar og sat síðan í stjórninni um nokkurt skeið. Þegar litið er yfir farinn veg ReykjavíkurAkademíunnar s.l. 20 ár lýsir hugmyndaauðgi og atorka Ágústs Þórs eins og skær stjarna fyrstu árin eða þar til hann flutti til Akureyrar til að taka við stöðu við háskólann þar. Á þessum árum var hann óþreytandi í að skipuleggja fræðilega viðburði, ráðstefnur og málþing og nafn ReykjavíkurAkademíunnar og tilvist varð fljótlega þekkt innan fræða- og umræðusamfélagsins. Eftir að hann flutti norður kom hann oft við hjá okkur í suðurferðum og alltaf lyfti hann umræðum upp yfir hversdagslegt amstur enda áhuginn alltaf logandi og hugurinn síkvur.

Með þökk og virðingu sendir ReykjavíkurAkademían sambýliskonu hans, Margréti Elísabetu, og öðrum aðstandendum innilegar samúðarkveðjur.

F.h. ReykjavíkurAkademíunnar

Ingunn Ásdísardóttir stjórnarformaður

RANNSÓKNIR OG RANNSÓKNARÞJÓNUSTA

Rannsóknarþjónustan (RaRA) er eitt af stoðsviðum ReykjavíkurAkademiunnar og hefur það hlutverk að efla og styrkja akademískar rannsóknir innan RA og kynningu á þeim. Henni er ætlað að þjóna þeim fræðimönnum sem starfa sjálfstætt innan vébanda RA ses og öðrum félögum í RA – félagi sjálfstætt starfandi fræðimanna, t.d. með handleiðslu bæði einstaklinga og hópa við umsóknagerð.

Rannsóknarþjónustan sér jafnframt um bókhald þeirra rannsóknarverkefna sem hýst eru hjá RA ses.

Fræðimenn ReykjavíkurAkademiunnar stunda fjölmargar rannsóknir á sínum sérsviðum, ýmist einir eða í samvinnu við kollega.

Árið 2019 hýsti Akademían eftirfarandi rannsóknarverkefni:

- ❖ Mývatnssveit: Sjálfbærni, umhverfi og þróun u.þ.b. 1700-1950
- ❖ HIT – heroes of inclusion and trans-formation
- ❖ Stories of the North
- ❖ Íslenskar fornritarannsóknir og þjóðarmenning 1780–1918
- ❖ DigistorID



SAMTAL VIÐ SAMFÉLAGIÐ – MIÐLUN ÞEKKINGAR

Dagsbrúnarfyrirlesturinn

Dagsbrúnarfyrirlesturinn var haldinn 7. mars í fundarsal Eflingar. Að þessu sinni flutti Svanur Kristjánsson stjórn málafræðingur og prófessor emeritus fyrirlesturinn Róttæk og öflug verkalyðshreyfing eða gönuhlaup nýrrar forystu?



Ljósmyndari: Þórunn Hafstað

Bókakvöld um sagnfræði

Í byrjun apríl var bókakvöld í ReykjavíkurAkademíunni í samvinnu við Sagnfræðingafélag Íslands, Tímartið Sögu og Sögufélagið. Þar var fjallað og spjallað um fimm sagnfræðiverk sem komu út á árinu 2018. Fundurinn var fjölsóttur og um verkin spunnust líflegar umræður.



Hjúkrun í hundrað ár

Í samstarfi við Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga, Borgarsögusafnið og fleiri aðila tók ReykjavíkurAkademían þátt í gerð sýningar á sögu hjúkrunar í hundrað ár. Sýningin var opnuð 19. júní 2019 og stóð fram í janúar 2020.



Ljósmynd fengin að láni hjá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga

Vísindavakan

Á árinu tók ReykjavíkurAkademían þátt í Vísindavöku sem haldin var í Laugardagshöll í lok september. Þar var margt um manninn og gestum og gangandi boðið upp á að hitta og ræða við fræðimenn um rannsóknir þeirra.

Þekking til sölu? Málþing – fyrirlestraröð

Haustið 2019 var haldið málþing – fyrirlestraröð undir yfirskriftinni Þekking til sölu? Markaðsvæðing akademíunnar. Á málþinginu hélt dr. Ylva Hasselberg, prófessor í hagsögu við Uppsalaháskóla fyrirlesturinn NPM at the University. The Rise (and Fall) of an Anti-Intellectual Doctrine. Þar var fjallað um áhrif nýsköpunar í opinberri stjórnsýslu (NPM) á háskóla. Í kjölfarið brást Ingólfur Ásgeir Jóhannesson prófessor við Menntavísindasvið við fyrirlestri Hasselberg áður en



pallborð ræddi málið í samhengi við þróunina hérlendis.

Þrjár fyrirlestrar fylgdu í kjölfarið. Fyrst talaði Arnar Pálsson 11. október undir yfirskriftinni, eru háskólar reknir eins og smjörlíkisverksmiðjur? Ásgeir Brynjar

Torfason ræddi 8. Nóvember spurninguna, Er pláss fyrir skapandi hugsun á markaðstorgi þekkingarinnar? og 6. desember lauk Finnborg Salóme Steinþórsdóttir fyrirlestraröðinni með fyrirlesturinn, Háskólar í fremstu röð – markaðsvæðing sem ýtir undir kynjamisrétti?

Þekking til sölu? Markaðsvæðing akademíunnar var haldið í samstarfi við MARK, miðstöðvar margbreytileika- og kynjarannsókna og RannMennt, rannsóknastofu um menntastefnu, alþjóðavæðingu og félagslegt réttlæti.



Ljósmyndari: Þórunn Hafstað

Ljósmynd fengin að láni hjá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga

ÁRSREIKNINGUR REYKJAVÍKURAKADEMÍUNNAR SES

REKSTRARREIKNINGUR 2019

Rekstrartekjur		2019		2018
Tekjur af skrifstofuhúsnæði.....	5	20.827.644		20.129.413
Tekjur vegna verkefna.....	1,6	1.614.867	13	23.226.218
Tekjur vegna bókasafns.....	9	9.240.000		9.240.000
Framlög á fjárlögum.....		22.000.000		19.400.000
Reykjavíkurborg.....		2.000.000		2.000.000
Rekstrartekjur alls		55.682.511		73.995.631
Rekstrargjöld				
Gjöld vegna skrifstofuhúsnæðis.....	6	(20.679.880)	(22.338.501)
Gjöld vegna verkefna.....	1,7	(3.840.640)	13	(22.779.388)
Gjöld vegna bókasafns.....	9	(8.565.117)	(8.642.432)
Laun og launatengd gjöld.....	10	(9.504.422)	(13.880.514)
Annar rekstrarkostnaður.....	11	(3.812.574)	(3.204.795)
Rekstrargjöld		(46.402.633)		(70.845.630)
Afkoma fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld.....		9.279.878		3.150.001
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld				
Vaxtatekjur og verðbætur.....		378.222		166.211
Vaxtagjöld og gengismunur.....		(2.200)	(187.011)
		376.022		(20.800)
Rekstrarárangur		9.655.900		3.129.201
Fjármagnstekjuskattur.....		(69.131)	(31.415)
Rekstrarárangur ársins		9.586.769		3.097.786

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2019

Eignir

		2019	2018
Varanlegir rekstrarfjármunir			
Málverk.....	2	125.000	125.000
		<u>125.000</u>	<u>125.000</u>
 Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur.....	3	2.321.176	268.670
Umframingreiðslur til verkefna.....	1, 13	333.025	242.548
Aðrar kröfur.....		8.364	42.882
Handbært fé.....	12	17.275.688	9.543.984
		<u>19.938.253</u>	<u>10.098.084</u>
 Eignir samtals		<u>20.063.253</u>	<u>10.223.084</u>
 Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé.....		17.200.050	7.535.416
	14	<u>17.200.050</u>	<u>7.535.416</u>
 Skuldir			
Ógreiddur kostnaður.....		545.322	82.140
Verkefni í vinnslu.....	1, 13	1.810.894	2.184.496
Laun og launatengd gjöld.....		489.087	403.532
Útvarpsgjald.....		17.900	17.500
		<u>2.863.203</u>	<u>2.687.668</u>
 Eigið fé og skuldir samtals		<u>20.063.253</u>	<u>10.223.084</u>

YFIRLIT UM SJÓÐSTREYMI

2019

2018

HANDBÆRT FÉ FRÁ REKSTRI

Frá rekstri 9.586.769 3.097.786

Mismunur á rekstrarárangri og handbæru fé til rekstrar

Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á hreint veltufé:

Afskriftir..... 0 0
 Hreint veltufé frá rekstri 9.586.769 3.097.786

Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum

Skammtímakröfur, (hækkun), lækkun..... (2.108.465) 1.511.288
 Skammtímaskuldir, hækkun, (lækkun)..... 175.535 (1.183.635)
 Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum (1.932.930) 327.653

Handbært fé frá rekstri 7.653.839 3.425.439

FJÁRMÖGNUNARHREYFINGAR

Afskriftasjóður færður út..... 77.865 523.078
 Fjármögnunarhreyfingar 77.865 523.078

HÆKKUN (LÆKKUN) Á HANDBÆRU FÉ..... 7.731.704 3.948.517

HANDBÆRT FÉ Í ÁRSBYRJUN..... 9.543.984 5.595.467

HANDBÆRT FÉ Í ÁRSLOK..... 17.275.688 9.543.984

KENNIÖLUR

Eigið fé sem hlutfall af heildareignum..... 85,73% 73,71%
 Veltufjárhlutfall..... 6,96 3,76
 Veltufé sem hlutfall af heildarskuldum..... 6,96 3,76

SKÝRSLA FÉLAGS REYKJAVÍKURAKADEMÍUNNAR 2019-2020

Starfsemi félagsins var gjöful á síðasta starfsári þó kórónaveirufaraldurinn hafi höggvið verulega í vordagskrá þess. Áhugaverðir opnir fyrirlestrar voru haldnir, demónar í Þórunnartúni settust í öndvegi og fluttu stutt innanhússerindi um hugðarefni sín, unnið var að stefnumótun félagsins, auk alls annars sem gert var til fræðslu og skemmtunar.



Fyrirlestrarröð ReykjavíkurAkademiunnar

Dr. Íris Ellenberger hélt erindi sem bar yfirskriftina „Nú átti auðvitað að slátra mér“ sem byggði á rannsókn hennar á lífi franskra sjómanna á Íslandi þar sem heimilda var leitað í endurminningum Reykvíkinga á 20. öld. 10.10.2019

Dr. Björn Stefánsson, þjóðfélagsfræðingur hélt erindið „Lýðræði og góðir stjórnarhættir með raðvali og sjóðvali“. Björn er í Vísindafélagi Norðmanna og hefur rannsakað lýðræði til margra ára. 24.10.2019

Dr. Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir þjóðfræðingur hélt erindið „Hvað kunni Hrafn Sveinbjarnarson? Þekkingarþróun íslenskra lækninga“ þar sem hún gerði grein fyrir þróun og og þekkingarsköpun íslenskra lækninga fram á 18. öld og tengsl lækninganna við töfra og trú. 7.11.2019

Dr. Ásta Kristín Benediktsdóttir bókmenntafræðingur hélt erindið „Elías Mar, hinsegin bókmenntir og hinsegin modernismi“ sem hún byggði á niðurstöðum doktorsritgerðar sinnar. 21.11.2019

Salvör Gissurardóttir, sérfræðingur í upplýsingatækni, hélt erindið: „Wikipedia og önnur Wikimedia verkefni – hvaða gagn hef ég af því?“ þar sem hún kynnti wikipediu samfélagið, þann þekkingarbrunn og verkfæri sem wikipedia býður upp á. 27.2.2020

Ásmundur G. Vilhjálmsson, lögfræðingur og sérfræðingur í skattarétti, hélt erindi um skattamál fyrir sjálfstætt starfandi fræðimenn. Fyrirlesturinn var haldinn í samvinnu við og að frumkvæði Hagþenkis. 12.2.2020

Vegna kórónaveirufaraldursins féll niður dagskrá í mars, apríl og maí.



Stefnumótun í Skálholti – yndisdagskrá

Félagið lagði sitt af mörkum til stefnumótunarvinnu í Skálholti með að bjóða sjálfboðaliðum upp á afþreyingu og fræðslu. Halldór Reynisson leiddi fólk um staðinn og ræddi sögu og list í Skálholti. Organisti Skálholtskirkju, Jón Bjarnason, kynnti og flutti tónlist á orgel kirkjunnar. Á kvöldvöku í lok vinnudags fluttu þátttakendur leiklestur á leikriti Guðmundar Kambans „Skálholt“ sem var gætt sérstökum töfrum við að vera flutt á þessum forna höfuðstað þar sem atburðir sem leikritið byggir á áttu sér stað fyrir um 360 árum.



Öndvegi

Björg Árnadóttir tók að sér umsjón með „Öndveginu“ fyrir félag ReykjavíkurAkademiunnar. Í öndvegi sátu starfandi demónar í Þórunnartúni og fluttu stutt erindi fyrir aðra demóna hússins sem tóku síðan þátt í umræðum um erindin. Eftirfarandi er upptalning á þeim sem tóku til máls og umræðuefnum þeirra.

Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir f.h. RA: Umræður um rannsóknasamvinnu innan RA. 12.9.2019

Mörður Árnason: Hallgrímur og gyðingahatrið. 3.10.2019

Ásta Kristín Benediktsdóttir: Elías Mar, doktorsritgerð. 17.10.2019

Björg Árnadóttir: Úr verkfærakistu kapítalistsans. 31.10.2019

Þorleifur Hauksson: Jómsvíkingasaga, vitnisburður um glatað lag í íslenskri konungasagnarritun. 14.11.2019



Ingibjörg Hjartardóttir: Um tilurð bókarinnar „Jarðvísindakona deyr.“ 28.11.2019

Björn Stefánsson: Mannlegt félag. 23.1.2020

Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir f.h. RA: Umræður við hringborðið í kjölfar málþings um Harkhagkerfið sem BHM stóð fyrir. 20.2.2020

María Helga Guðmundsdóttir: Spjall um þýðingar úr hindú í íslensku. 20.2.2020

Hafdís Erla Hafsteinsdóttir og Ásta Kristín Benediktsdóttir: Huldukonur og vefurinn huldukonur.is 5.3.2020

Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir f.h. RA: Umræður um rannsóknarþjónustu RA. 28.5.2020

Lilja Hjartardóttir og Svanur Kristjánsson: Ástandið í Bandaríkjunum. 4.6.2020

Eyrún Eypórsdóttir: Brasilíufararnir. 18.6.2020

Aukaöndvegi var haldið 26.6.2019 þar sem Indriði H. Þorláksson fyrrverandi ríkisskattstjóri heimsótti demóna í Þórunnartúni og ræddi „Samherjamálið.“



Aðventudagskrá

Aðventustund var haldin 13. desember sem hófst með að fólk naut veitinga af jólahlaðborði á Foss hóteli, nágretta demóna í Þórunnartúni. Að borðhaldi loknu færðist gleðin yfir götuna í húsakynni RA þar sem var farið í leiki og sungið fram á nótt.

Á „Sælustundum“ í Þórunnartúni sem haldnar eru í lok vinnudags á föstudögum var boðið upp á sérstaka „Sæluupplestra“ á aðventunni þar sem rithöfundar lásu upp úr verkum sínum. Veg og vanda af þeirri dagskrá átti Björg Árnadóttir.



Dagsferðir félagsins

Vorferð félagsins með yfirskriftina „Hafið“ hafði verið skipulögð þar sem leggja átti í sjóferð frá Reykjavík, að henni lokinni heimsækja Hvalasafnið og snæða síðan á

hafnarsvæðinu. Var ferðin blásin af vegna kórónaveirufaraldursins en ætlunin er að bæta félagsmönnum hana upp með að bjóða til haustferðar og/eða haustskemmtunar.

Félagatal

Stjórn félagsins hefur lagt vinnu í að yfirfara félagatal RA. Með tilkomu nýrrar vefsíðu Akademiunnar mun gefast tækifæri til að ná betur til félagsmanna og þjónusta þá. Í Félagi ReykjavíkurAkademiunnar eru um 220 félagar. Einnig eru í félaginu nokkur félagasamtök.

Ásthildur Elva Bernharðsdóttir formaður FRA

ÁRSREIKNINGUR FÉLAGS REYKJAVÍKURAKADEMÍUNNAR

ReykjavíkurAkademían, félag

Rekstrarreikningur ársins 2019

<i>Tekjur:</i>	2019	2018
Félagsgjöld	491.800	527.601
Vaxtatekjur	4.968	6.232
Aðrar tekjur	0	47.500
	<u>496.768</u>	<u>581.333</u>
 <i>Gjöld:</i>		
Kostnaður vegna aðalfundar		0
Ferðir og skemmtanir	99.004	388.884
Öndvegiskaffi.....	0	14.749
Fjármagnstekjuskattur	1.092	1.372
Þjónustgjöld og kostnaður	27.443	28.109
RA stúdentastofa	146.782	157.459
Húsgögn ofl. fyrir Þórunnartún 2	207.800	0
Lén	6.230	6.930
	<u>488.351</u>	<u>597.503</u>
 <i>Tekjur umfram gjöld</i>	<u>8.417</u>	<u>-16.170</u>

Efnahagsreikningur pr. 31. des. 2019

Eignir:

Veltufjármunir:

Landsbanki 0101-26-530697	45.903	189.591
Landsbanki 0101-15-630905	489.468	332.663
<i>Eignir samtals</i>	<u>535.371</u>	<u>522.254</u>

Skuldir og eigið fé:

Eigið fé:

Hrein eign frá fyrra ári	539.245	555.415
Tekjur umfram gjöld 2018	8.417	-16.170
	<u>547.662</u>	<u>539.245</u>

Skuldir:

Útistandandi skuldir 31. des 2019	-36.200	0
	<u>-36.200</u>	<u>0</u>

Skuldir og eigið fé samtals

511.462 539.245

3. mar 2020
Þjón P. Stefánsson

FRÆDIMENN OG FÉLÖG

Konur og menn

Eftirfarandi fræðikonur og menn, rithöfundar og skáld störfuðu í ReykjavíkurAkademíunni á árinu 2019:

Aðalsteinn Eyþórsson, Anna Dóra Antonsdóttir, Arngrímur Vídalín, Arnþór Gunnarsson, Árni Finnsson, Ásta Kristín Benediksdóttir, Ásthildur Elva Bernharðsdóttir, Bára Baldursdóttir, Berglind Rós Bjarnadóttir, Björg Árnadóttir, Björn Halldórsson, Björn Stefánsson, Clarence Edvin Glad, Deepa Iyengar, Elín Þöll Þórðardóttir, Embla Guðrúnardóttir Ágústsdóttir, Friðbjörg Ingimarsdóttir, Guðbjörg Lilja Hjartardóttir, Guðrún Hallgrímsdóttir, Gylfi Gunnlaugsson, Hafdís Erla Hafsteinsdóttir, Haukur Arnþórsson, Hermann Stefánsson, Hildur Skarphéðinsdóttir, Hjörleifur Hjartarson, Hrund Ólafsdóttir, Ingibjörg Hjartardóttir, Ingimar Einarsson, Ingunn Ásdísardóttir, Íris Ellenberger, Jón Rúnar Sveinsson, Kolbrún Lilja Kolbeinsdóttir, Kristinn Ágúst Friðfinnsson, Kristín Jónsdóttir, María Helga Guðmundsdóttir, Mörður Árnason, Nathalie Jacqueminet, Nína Rós Ísberg, Ragnhildur Hólmgeirsdóttir, Rannveig Lund, Unnur Guðrún Óttarsdóttir, Salvör Aradóttir, Sjöfn Kristjánsdóttir, Stefán Pálsson, Steinunn Stefánsdóttir, Svanur Kristjánsson, Þorgerður H. Þorvaldsdóttir, Þorleifur Hauksson og Þorsteinn Önnuson Vilhjálmsson.

Ritaskrá fyrir árið 2019 verður birt á heimasíðu Akademíunnar, www.akademia.is

Félög og fyrirtæki

Á árinu 2019 störfuðu eftirfarandi félög og fyrirtæki innan vébanda ReykjavíkurAkademíunnar:

Bókasafn Dagsbrúnar, U3A, Hagþenkir, Stílvopnið, Listmeðferð Unnar, Lýðræðissetrið og Náttúruverndarsamtök Íslands





REYKJAVÍKURAKADEMÍAN

Þórunnartúni 2, 105 Reykjavík
ra@akademia.is – sími 562 8565
www.akademia.is